



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 25. ágúst 2025, fundur hófst kl 17:30.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Katla Gísladóttir, Lárus Sindri Lárusson, Sigurbjörn Eiríksson og Haraldur Pétursson. Þórdís Anna Gylfadóttir

Fjarverandi:

1. Fjármál félagsins

Farið yfir stöðu fjármála félagsins, þau sanda vel miðað við árstíma.

2. Skipulagsmál, andmæli til Kópavogsbæjar

Skjal frá Jónínu samþykkt með þeirri breytingu að vísa í samning sveitarfélaganna um stofnun Sprettis og hafa hann með sem viðhengi. Sjálfbærnefndin og Öryggisnefndin eru að klára sínar athugasemdir.

3. Búseta í hesthúsum

Rætt almennt um búsetu í hesthúsum í ljósi umræðu á opinberum miðlum undanfarið. Ekkert sem Sprettur getur gert í því, þetta er á ábyrgð húseiganda og viðeigandi yfirvalda að hafa eftirlit með því.

4. Samningur við Meistaradeildar ungmenna

Samningurinn sem slíkur tilbúinn, búið að bjóða þeim tvö kvöld í vetur.

5. Samskipasamningur

Skrifað verður undir nýja samning við Samskip miðvikudaginn 27.8.2025.

6. Fundur með bæjarstjórum Garðabæjar og Kópavogs í september

Fyrirhugaður er fundur með bæjarstjórum Garðabæjar og Kópavogs. Það verður ma. farið yfir samstarf þeirra og Sprettis og áframhaldandi uppbyggingu á innviðum á svæði félagsins.

7. Dagatal vor 2026

Búið að bjóða Meistaradeildinni 2 kvöld í vetur, fimmgang og T2.

Allt klárt fyrir reiðmanninn fram að áramótum. Reiðmaðurinn 1 og 2 ákveðinn eftir áramót.

8. Sjálfbóðaliðalisti

Þórdís og Sigrún taka saman listann.

9. Sjálfbóðaliðadagur

Rætt um mögulegar útfærslur á slíkum degi. Stefnt að því að halda viðburð 10 október .

10. Mál sem Þórdís er með í vinnslu.

Farið var yfir nokkur atriði sem Þórdís er að vinna að eða eru að fara í vinnslu. Þar má nefna:

- Það vantar að setja upp tölvupóstfang fyrir félagshesthúsið, Davíð stofnar það.
- Endurgreiðslur fyrir Sumarsmellinn.
- Yfirfara stigagjöfina fyrir stigahæstu knapana.

- Uppfæra lista yfir aðila sem eru í hinum ýmsu nefndum Spretts og bæta við tölvupóstföngum.
- Senda lista yfir keppnishelgar vetrarsins til LH?
- Reglur fyrir bókanir á reiðhöllunum. Katla Lárus og Dísar fara yfir málið.
- Opnir tímar í reiðhöllum fyrir félagsmenn.
- Hesthúspláss fyrir komandi Landsmót. Katla og Þórdís.

11. Önnur mál

Rætt um að halda áfram að bjóða nefndum að koma á stjórnarfundum og kynna sína starfsemi, það tókst vel í fyrra.

Hafa fund með innviðanefnd um tillögu að framtíðaruppbyggingu á svæðinu.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson